

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. ágúst 2023  
Málsnúmer: 202307-0008  
SS

### Efni: Umsögn um matsskyldu urðunarreinar að Fíflholtum í Borgarbyggð.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 6. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmd Sorpurðunar Vesturlands á nýrri urðunarrein að Fíflholtum.

Aukning á sorpurðun að Fíflholti fór í umhverfismat nýlega en þann 19. mars 2021 veitti Skipulagsstofnun álit sitt um frummatsskýrslu vegna þessa. Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn um þá frummatsskýrslu þann 18. júlí 2020. Það umhverfismat fjallaði þó einungis um aukningu á magni sorpurðunar en ekki á stækkun urðunarsvæðisins. Einkum þurfti því að leggja mat á áhrif vegna mengunar og taldi Náttúrufræðistofnun í umsögn sinni að ef ströngustu mengunarförnum væri fylgt eftir og frágangur allur í samræmi við áform framkvæmdaáðila þá ætti lífríki við svæðið ekki að verða fyrir neikvæðum áhrifum.

Nú er aftur á móti stefnt að því að stækka urðunarsvæðið umtalsvert með því að bæta við fimmtu urðunarreininni við urðunarstaðinn í Fíflholti. Sú rein verður sú stærsta hingað til og mun viðbótin fela í sér tvöföldun á stærð urðunarstaðsins. Nýja reinin verður um 6,5 hektarar að flatarmáli og mun taka við 25.000 tonnum af úrgangi á ári næstu 12 ár.

Svæðið er að hluta til raskað og beintengt eldri urðunarreinum en þó er ljóst að töluvert stórt óraskað svæði mun fara undir nýju urðunareinina og þar af er votlendissvæði sem í heild er um 33.000 m<sup>2</sup>. Hluti af því fellur innan marka votlendisheildar sem ákvæði 61. greinar náttúruverndarlaga nr. 60/2013, um sérstaka vernd, ná yfir. Því votlendi ber ekki að raska nema rík ástæða er til.

Svæðið er innan tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár, „Mýrar og Löngufjörur“ (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/myrar-longufjorur>) sem er m.a. tilnefnt vegna verðmætra votlendissvæða og mikilvægra búsvæða fugla.


Urðun úrgangs af ýmsum toga fylgir margs konar mengunarhætta. Hvort slík starfsemi eigi erindi á svæði með hátt verndargildi er álitamál og rökstyðja mætti að skynsamlegra væri að stefna að því að draga úr urðunarstarfsemi í Fíflholti frekar en auka hana. Fram kemur í greinargerð að breytt flokkunarkerfi úrgangs hjá sveitarfélögum ætti að draga úr urðunarþörf en það sé þó enn þörf fyrir urðun meðan aðrar förgunarleiðir eru enn í skoðun eða undirbúningi. Rökstuðningur fyrir svo mikilli stækkun á urðunarstaðnum í Fíflholti er einkum sá að talið er líklegt að þrýst verði á að staðurinn taki við úrgangi til urðunar frá fleiri aðilum vegna lokunar urðunarstaða annars staðar. Vegna staðsetningar urðunarstaðsins í næsta nágrenni við sum af víðáttumestu og minnst röskuðu votlendissvæði landsins og mikilvæg búsvæði fugla, telur Náttúrufræðistofnun það ekki heppilega þróun að horft sé til Fíflholts sem einn megin urðunarstað landsins og telur áform um svo mikla stækkun ekki skynsamlega.



Þar sem framkvæmdin mun fela í sér umtalsverða stækkun á urðunarsvæðinu og aukningu á magni sorps sem stefnt er að urða og að um röskun á verðmætu votlendi er að ræða, sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sérstaklega með hátt verndargildi, þá telur stofnunin eðlilegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Stækkun urðunarsvæðisins mun einnig fela í sér neikvæð ásýndaráhrif og stækka áhrifasvæði mengunar af ýmsum toga.

Ef ekki kemur til mats á umhverfisáhrifum þarf að tryggja t.d. í skipulagi og við veitingu framkvæmda- og starfsleyfis að horft sé til mótvægisáðgerða t.d. með því að endurheimta votlendi í nágrenninu eða annars staðar þar sem það á við, auk þess sem tryggja verður að mengunarvarnir séu strangar og fylgt eftir í þaula og að þær ávarpi einnig áðgerðir til að koma í veg fyrir að laust rusl fjúki út af svæðinu og inn á nálæg votlendi, vötn og búsvæði fugla.


Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Stykkishólmur, 3. ágúst 2023  
Mf202308-0024/ 6.07 / M.A.S.

## Efni: Borgarbyggð. Fyrirspurn um matsskyldu vegna nýrrar urðunarreinar í Fíflholtum á Mýrum í Borgarbyggð

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 7. júlí. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is


Fyrirhuguð framkvæmd gengur út á að útbúa nýja urðunarrein á urðunarstaðnum í Fíflholtum, rein 5, rétt suðaustan við rein 4 sem nú er í notkun. Ekki stendur til að urða utan áður fyrirhugaðs urðunarsvæðis í Fíflholtum skv. upphaflegu umhverfismati og skipulagi frá 1997, og ekki er heldur verið að auka árlegt magn urðunar umfram núverandi leyfi. Nýja urðunarreinin (rein 5) verður aðskilin frá núverandi urðunarrein (rein 4) með 12-16 m breiðri og 6-8 m hárrí jarðvegsmön, sjá mynd 4. Breidd nýju reinarinnar verður um 150 m milli manartoppa. Lengd reinarinnar verður um 430 m frá nýrri mön sem kemur við norðausturenda reinarinnar. Nýjar manir umhverfis rein 5 verða í nánast sömu hæð og efsti hluti reinar 4 og þar með í svipaðri hæð og klapparholt sem liggur suðaustan við reinina, en stefna Sorpurðunar Vesturlands hf. hefur verið að urðunarreinar skuli ekki standa upp úr landslagi. Nýja reinin verður um 6,5 ha (65.000 m<sup>2</sup>) að flatarmáli og dýpt hennar um 6-8 m.

Minjavörður Vesturlands fór og skoðaði svæðið á vettvangi. Engar vísbindingar um fornleifar fundust á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Minjum ætti því ekki að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu og þær kalli ekki á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreindrar framkvæmdir. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja*

úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

Afrít sent:

Skipulagsstofnun [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Jakobi Gunnarssyni [Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. ágúst 2023  
UST202307-083/B.S.  
10.05.00

### **Efni: Umhverfismat framkvæmda og áætlana - urðunarrein - Fíflhólar. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða viðbót við urðunarstaðinn sem starfræktur hefur verið þarna frá 1998. Gert er ráð fyrir að viðbótar urðunarrein gæti endist í 5-12 ár.

Árið 1997 var unnið umhverfismat fyrir urðunarstað í Fíflholtum, þar var gert ráð fyrir að urða um 120.000 tonn á 20 árum og gert ráð fyrir að undir það færu um 10-15 ha lands. Þá var einnig gert ráð fyrir möguleika á stækkun svæðis undir urðun um 25 ha og að afmarkaða svæðið dygði í um 30 ár.

Fram kemur í matskyldufyrirspurninni að með framkvæmdinni raskast votlendi sem er stærra en 20.000 m<sup>2</sup> og nýtur því sérstakrar verndar í samræmi við 61. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Vistkerfum af þessum tagi ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Fram þarf að koma hvaða ríku almannahagsmunir réttlæti þá röskun á votlendi.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Árið 2019-2020 var svo unnið viðbótar umhverfismat fyrir urðunarstaðinn vegna aukningar á urðunarmagni úr 15.000 tonnum á ári í 25.000 tonn á ári. Umhverfismatið beindist að urðun í rein 4 en tók ekki á stækkun reinar fyrir umrætt magn.

Umhverfisstofnun gaf í kjölfarið út nýtt starfsleyfi sem heimilar urðun á 25.000 tonnum af úrgangi á ári og gildir það til 23. desember 2038. Fyrri starfsleyfi heimilaði urðun á 15.000 tonnum árlega.

Núverandi starfsleyfi beinist ekki að sérstakri rein á urðunarstaðnum heldur er þar talað um urðunarstað við hlið þess eldri (reinar 1-3). Hins vegar er nefnt í fylgiskjali með starfsleyfi að í umhverfismati hafi ekki verið gert ráð fyrir stækkun reina.

Telja má líklegt að vísbendingar hefðu átt að liggja fyrir um að urðunarrein fjögur myndi ekki endast lengi enn þegar unnið var að umhverfismati fyrir aukningu urðunar árið 2020 en það kom ekki fram í umhverfismatsferlinum né þegar unnið var nýtt starfsleyfi. Betra hefði verið ef urðunarrein fimm hefði verið tekin með í því ferli.

Þrátt fyrir það telur Umhverfisstofnun ekki að umrædd viðbót muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þar sem hér er að áframhaldandi starfsemi að ræða en engar verulegar breytingar á eðli hennar. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er ætla að tryggja að reksturinn verði í samræmi við lög og reglur. Kanna þarf hvort þessi breyting kalli á nýtt starfsleyfi.

Í erindinu eru ýmist notuð örnefnin Fíflhólar eða Fíflholt þetta getur verið nokkuð ruglingslegt. Greinargerðin er eins ítarleg og nauðsyn krefur og gefur góða mynd af framkvæmdinni og hvernig að mengunarvörnum verði staðið.

Virðingarfyllst

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,  
**teymisstjóri**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

16. ágúst 2023  
2307031/DG

**Efni: Umsögn Borgarbyggðar vegna nýrrar urðunarreinar að Fíflholtum í Borgarbyggð í samræmi við 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags 3. júlí 2023 þar sem óskað er umsagnar Borgarbyggðar hvort ofangreind framkvæmd sé háð umhverfismati að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt verði gerð grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og er á starfssviði umsagnaraðila.

Fyrirhuguð framkvæmd gengur út á að útbúa nýja urðunarrein á urðunarstaðnum í Fíflholtum. Ný urðunarrein er innan áður fyrirhugaðs urðunarsvæðis í Fíflholtum skv. upphaflegu umhverfismati og skipulagi frá 1997. Fyrirhuguð urðunarmagn fer ekki umfram núverandi leyfi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar tók málið fyrir að undangenginni umfjöllun í skipulags- og byggingarnefnd, á fundi nr. 242 þann 10. ágúst 2023 þar sem bókað var:

*„Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða nýja urðunarrein í Fíflholtum á Mýrum og felur skipulagsfulltrúa að veita umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.“*


Málið var tekið fyrir í skipulags- og byggingarnefnd á fundi nr. 55 þann 1. ágúst 2023 þar sem bókað var:

*„Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða nýja urðunarrein í Fíflholtum á Mýrum og vísar til endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að fela skipulagsfulltrúa að veita umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins.“*

Borgarbyggð telur að vel sé gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Borgarbyggð telur að framkvæmdin kalli ekki á umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Sé frekari upplýsinga óskað má hafa samband við undirritaða.

Sækja þarf um framkvæmdaleyfi hjá Borgarbyggð.

Virðingarfyllst,

  
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar  
BORGARBYGGÐAR



Heilbrigðiseftirlit  
Vesturlands

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
sent á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) og [jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is)

17. ágúst 2023

**Umsögn um tilkynningu um framkvæmd skv. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. – Sorpurðun Vesturlands, ný urðunarrein í Fíflholtum.**

Vísað er í erindi í tölvupósti Skipulagsstofnunar dagsettur 6. júlí 2023 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um ofangreinda framkvæmd. Með erindinu fylgdu gögn sem unnin voru af Eflu verkfræðistofu með heitinu : „ Fíflholt stækkun. Fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna nýrrar urðunarreinar í Fíflholtum á Mýrum í Borgarbyggð“. Dagsett 21. mars 2023 og endurskoðað í júní 2023.

Helstu atriði er fram koma í fyrirspurnarskýrslu Eflu: er að ný urðunarrein mun verða sú fimmta og staðsett suðaustan við urðunarrein nr. 4 sem nú er í notkun. Ekki er verið að auka árlegt magn umfram núverandi leyfi. Nýjar manir reinar munu verða í sömu hæð og manir umhverfis rein nr. 4 og allt uppgrafið efni mun nýtast á staðnum. Nýja reinin er um 6.5 hektarar að stærð og dýpt hennar um 6-8 metrar. Heildarrúmtak reinar verður um 390.000 rúmmterar. Í nýrri urðunarrein er gert ráð fyrir að urða 25.000 tonn á ári af úrgangi næstu 12 árin, eða samtals 300.000 tonn. Í botni reinar verður byggt upp söfnunarkerfi með lögnum og drenmöl fyrir sigvatn sem leitt verður áfram í viðeigandi hreinsun við enda reinar. Þarna verður urðaður almennur úrgangur án spilliefna.

Umhverfismat var upphaflega unnið fyrir urðunarstaðinn árið 1997 og þá gert ráð fyrir að urðun á 120.000 tonnum á 20 árum og undir það fóru 10 til 15 hektarar lands í Fíflholtum. Á sama tíma var þó gerð ráð fyrir stækkun um 25 hektara sem átti að duga í 30 ár.

Árin 2019 til 2020 var unnið viðbótar umhverfismat fyrir urðunarstaðinn í Fíflholtum vegna aukningar á magni úrgangs um 15.000 tonn á ári. Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi sem heimilar urðun á 25 þúsund tonnum og gildir til desember 2038. Í kafla 5.2 í útgefnu starfsleyfi er fjallað um „Eftirlitsmælingar“ vegna starfsemi urðunarstaðarins m.a sýnatökur af sigvatni.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfisáhrifum, vöktun og mótvægisáðgerðum, og telur að framkvæmd við nýja urðunarrein (nr. 5) þurfi ekki að fara í umhverfismat sbr. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Virdingarfyllt  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
Vesturlands  
f. h. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands



Skipulagsstofnun  
Bt. Jakobs Gunnarssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
Jakob.gunnarsson@skipulag.is

Dags. 11. ágúst 2023  
Tílv. 5618-0-0005  
Mál 2023-0179


---

Með erindi dags. 7. júlí sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um breytingar á urðunarstað að Fíflholtum.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við breytingar þessar.

---

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
Forstjóri Veðurstofu Íslands